

111. fundur skráningarráðs haldinn 11. janúar 2018 kl. 10-11:50 í húsakynnum Landskerfis bókasafna.

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).

Auk þess sátu fundinn Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Þarfagreiningar vegna nýs bókasafnskerfis

Nýlega er búið að yfirfara þarfagreiningu um greiniskráningu en um 1/3 færslna í Gegnir eru greinifærslur. Passa þarf vel upp á allar tengingar. Það þarf að vera auðvelt að búa til greinifærslur og mögulegt að tengja þær á margar mömmur óháð formi.

Búist er við að kröfufýsing verði tilbúin til útboðs um miðjan mars. Notkunardæmi þurfa að vera tilbúin í mars. Útboð verða opnuð seinni hluta maí og samningur gerður í haust. Stefnt er að því að nýtt kerfi verði tekið í notkun 2019. Sigrún sendir okkur kaflann um lýsigögn til skoðunar á næstunni.

3. Hleðsla á stórum færslupökkum - aðkoma skráningarráðs

Fyrirspurn frá Háskólanum í Reykjavík um hvað skrásetjarar eigi að gera við innflutta færslupakka t.d. frá Oxford. Skrásetjarar skulu laga 100 og 700 svið, sækja í nafnmyndaskrá og setja inn hlutverk. Einnig á að laga 245 svið ef með þarf.

4. Greining útgáfuárs

Það hefur verið óljóst hvernig eigi að skrá athugasemdir um útgáfuár mismunandi forms sama efnis. Samþykkt að setja athugasemd í 500 sviðið, t.d. Einnig kom út 2. pr. í des. 2013, rafbók 2013 og kiljuútg. 2014. Hallfríður bætir við dæmi í handbók skrásetjara.

5. Safnfærslur

Ábending frá Rósu Björgu um safnfærslur. Til eru safnfærslur fyrir t.d. bangsa, brúður og spil. Einhver söfn hafa tengt við þessar færslur en einnig eru til færslur fyrir t.d. ákveðin spil. Safnfærslur eru til fyrir bækur á ákveðnum tungumálum, tagalog, taílensku, hindi og fleirum. Sumar þeirra bóka sem tengdar eru við þessar færslur er auðvelt að skrá, aðrar ekki. Samþykkt að eyða þeim færslum sem ekkert er tengt við og að benda skrásetjurum á þær færslur sem til eru þegar leiðbeiningar um RDA skráningu verða tilbúnar. Því verður beint til skrásetjara að skrá það sem hægt er að skrá og taka til í þessum færslum.

Næsti fundur verður haldinn 15. febrúar 2018 kl. 10-12